

Ed. 615. Frumvarp til laga [283. mál]

um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 63/1974, með áorðnum breytingum.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir, Helgi Seljan, Davíð Aðalsteinsson,
Salome Þorkelsdóttir, Eiður Guðnason.

1. gr.
42. gr. f-liður hljóði þannig:

fræðslu um áhrif af neyslu afengis og annarra ávana- og fíkniefna.

Fyrrum f-liður verður g-liður og aðrir staflíðir færast aftur samkv. því.

2. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til að tekin sé inn í gildandi grunnskólalög ákvæði varðandi fræðslu um áhrif af neyslu afengis og annarra ávana- og fíkniefna í 42. gr. laganna er kveðið svo á að menntamálaráðuneyti skuli setja grunnskólum aðalnámsskrá þar sem háttar er kveðið á um kennslu í þeim greinum sem taldar eru upp í 42. gr. í ellefu staflíðum. Með samþykkt þessa frumvarps yrðu staflíðirnir tólf.

Það er í rauninni undarlegt, að ákvæði um þessa fræðslu skuli hvergi að finna í sjálfum grunnskólalögnum. En skólanum engu að síður gert að muna hana af hendi samkvæmt ákvæðum í öðrum lögum. Er þar átt við gildandi afengislög frá 1969, en þar eru skýlaust ákvæði um fræðslu í skólum landsins um áhrif afengisneyslu. Einnig er til alftarleg reglugerð um bindindisfræðslu, er gefin var út árið 1956, skv. 31. gr. eldri afengislaga frá 1954. Þessi gömfu ákvæði í lögum og reglugerð standa vissulega fyrir sínu, en það er skemmt frá að segja, að þeim hefur verið mjög slælega eða alls ekki framfylgt.

Flutningsmenn þessa frv. telja að samþykkt þess þurfi ekki af sjálfu sér að leiða til afnáms þessara ákvæða, sem fyrir eru í afengislögum og reglugerð, þó svo að þau séu að sumu leyti úrelt orðin og þurfi breytinga við, það sé hins vegar eðlilegt og sjálfsagt að þessi fræðsluþáttur sé tekin inn í hügildandi grunnskólalög og námsskrá, sem skólar landsins starfa eftir. Sérstaklega skal á það bent, að önnur ávana- og fíkniefni en afengi eru ekki nefnd á nafn í fyrrnefndum lögum og reglugerð, enda eru þau samn á þeim tíma þegar kannabis og önnur þaðan af sterkari fíkniefni voru svo til óþekkt fyrirbæri hér á landi. Nú er hins vegar svo komið, að nauðsynlegt er að brugðist sé við með öflugu fyrirbyggjandi starfi gegn því, að þessi vágustur nái hér frekari fótfestu. Ekki verður séð að þessi efni hafi komið í stað afengis, heldur til viðbótar. Mun ekki ofmælt að hver einasta fjölskylda í landinu sé nú í meiri eða minni mæli tengd eða ofurseld erfioleikum og hörmungum vegna neyslu afengis og annarra fíkniefna.

Fyrirbyggjandi starf getur farið fram eftir ymsum leiðum. Upplýsingar og fræðsla eru ein leiðin. Sú leið er bæði vandfötuð og viðkvæm, getur gert illt verra ef ekki er rétt á haldið. Vafalaust verður fræðslan að vera hlutlæg og raunsæ og örva nemendur til sjálfstæðrar skoðanamyndunar og ábyrgrar afstöðu til neyslu þessara efna. Mikilvægt er einnig að starfandi kennarar og kennaraefni gangi til verks með upplýstu og jákvæðu hugarfari.

Lög og reglugerðir leysa hér ugglaut engan vanda, nema fyrir hendi sé áhugi og skilningur meðal þeirra aðila sem framkvæmdin mæðir á. Óhætt er að fullyrða að sá áhugi og góður vilji er til staðar hjá íslenskum skólamönnum og öðrum þeim sem vinna að varnaðar-

starfi á sviði áfengis- og fíkniefnamála. Ýmis ný viðhorf og hugmyndir, sem binda má vonir við, eru þar til umfjöllunar og úrvinnslu. Ákvæði það, sem þetta frumvarp gerir tillögu um að bætt verði inn í grunnskólalögin, mundi því falla í frjóan jarðveg og skapa um leið eðlilegan grundvöll að þessum vandmeðfarna fræðsluþætti innan skólanna.